

Vestmannaeyjaumdæmi: Allar Vestmannaeyjar.
Eyrarbakkaumdæmi: Frá Þjórsá að Grindavík.

71
7. nóv.

Þetta birtist hjer með öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. nóvember 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

um

skemtanaskatt í Ytri-Akraneshreppi.

72
22. nóv.

1. gr.

Af öllum skemtunum fyrir almenning, er haldnar eru innan takmarka Ytri-Akraneshrepps og seldur er aðgangur að, skal gjalda skatt samkvæmt ákvæðum reglugjörðar þessarar. Skatturinn rennur í hreppssjóð og skal honum varið til styrktar bókasafni hreppsins.

2. gr.

Skatturinn skal vera hundraðsgjald af aðgöngumiðum eða öðrum skírteinum, sem seld eru að skemtunum, eins og hjer greinir:

1. Af sjónleikum, samsöngvum, hljómleikum, upplestri, fyrirlestrum og íþróttasýningum (líkamsíþróttum) 10%. Leikar þeir og sýningar, sem ræðir um í lögum nr. 30, 19. júní 1922 teljast eigi til skemtana, þótt aðganga sje seld.
2. Af öllum öðrum skemtunum 20%.

Ef skemtun er margþætt, skal skatturinn jafnan miðaður við þann þátt hennar er hærra er skattaður.

3. gr.

Nú er skemtun haldin og aðganga veitt gegn gjaldi, en þó án þess, að gefin sjeu út aðgönguskírteini, eða þau eru aðeins gefin út en gjaldið fyrir þátttöku í skemtuninni er eigi goldið samkvæmt þeim, eða goldið samkvæmt

72 þeim aðeins að nokkru leyti, og skal hið ákveðna skattgjald þá goldið sem
 22. nóv. hundraðsgjald af allri þeirri upphæð, sem goldin er fyrir þátttöku í skemtuninni.

4. gr.

Undantekningar frá skattgjaldi og lækkun á hinu ákveðna skattgjaldi getur hreppsnefnd veitt, er sjerstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemtunar, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

5. gr.

Forstöðumaður skemtunarinnar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemtuninni, þá ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn greiðslu skattgjaldsins, eða ef um fjelög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

Nú hefir forstöðumaður skemtunar vanrækt að tilkynna oddvita hreppsnefndar um forstöðu sína, og ber þá húsráðandi þess húss, er til skemtunarinnar er notað, ábyrgð á skattgreiðslunni.

6. gr.

Skatturinn greiðist til oddvita hreppsnefndarinnar, sem hefir innheimtu hans á hendi.

7. gr.

Forstöðumönnum skemtana, er heyra undir ákvæði reglugjörðar þessarar, skal jafnan skylt að snúa sjer til oddvita hreppsnefndarinnar áður en skemtun er haldin og tjá honum frá forstöðu sinni, hvað haft skuli til skemtunar, upphæð aðgöngumiða o. s. frv.

8. gr.

Skatturinn skal innheimtur samkvæmt skýrslu, sem greiðanda er skylt að gefa oddvita hreppsnefndar eftir reglum þeim, er hjer segir:

1. Kvikmyndahús og aðrar fastar skemtistofnanir, sem hafa skemtunar að atvinnu lengur en um stundarsakir, skulu fyrir lok hvers mánudags gefa oddvita hreppsnefndar skýrslu yfir alla aðgöngumiða er selst hafa næstu viku á undan, og skal í skýrslu þessari flokka aðgönguskírteini eftir verði þeirra og deginum þegar skemtunin var haldin, svo og tilgreina upphæð skattsins við hvern flokk og samanlagt verð aðgönguskírteinanna og skattgjaldið.

2. Þeir sem aðeins halda skemtun í eitt skifti, eða takmarkaða tölu skemtana, **72**
skulu hafa gefið oddvita hreppsnefndar framangreinda skýrslu um tölu **22. nóv.**
seldra aðgönguskírteina eða aðgöngueyririnn í heild sinni, ef goldið hefir
verið fyrir þátttöku í skemtuninni samkvæmt 3. gr. í síðasta lagi áður 2 dag-
ar eru liðnir frá því að skemtuninni lauk.

Skýrslur þær er ræðir um í grein þessari skulu gerðar eftir fyrirmyndum,
sem hreppsnefnd samþykkir, og greiðist skatturinn um leið og skýrslan er gefin,
gegn kvittun oddvita hreppsnefndar.

Nú er skatturinn ekki greiddur samkvæmt ofangreindum reglum og má
þá taka hann lögtaki á kostnað greiðanda.

9. gr.

Þeim er atvinnu hafa af skemtunum lengur en um stundarsakir, skal skylt
að hafa nákvæmt og aðgengilegt bókhald yfir tekjur og gjald það, er tekið er
fyrir skemtunirnar og sæta því að oddviti hreppsnefndar hafi eftirlit með bók-
haldinu ef þurfa þykir.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn
lögreglumál.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum allt að 1000 kr. ef ekki liggur
við þyngri refsing að lögum.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samþykkt,
er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 19.
júní 1922, til að öðlast gildi frá og með 24. þ. m., og birtist til eftirbreyttri þeim,
er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. nóvember 1923.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

Sigf. M. Johnsen.